

Veiðifélag Ytri-Rangár
Bjólu 1
851 Hella

Selfoss, 5.1.2024
UST202302-119/H.M.V.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 27. nóvember 2023 - Veiðifélag Ytri-Rangár, Húsafelli

Þann 27. Nóvember sl. (síðar lokið í fjarfundi þann 6. desember) fór fram eftirlit í landeldisstöð Veiðifélags Ytri-Rangár í Húsafelli. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Leki var meðfram frárennslisrörum innandyra sem nauðsynlegt er að laga.

Fimm frávík komu fram er varða:

1. Gr. 1.5 í starfsleyfi. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal vera til staðar, sem og neyðaráætlun og fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun.
2. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Vakta skal fosfór og köfnunarefni í vatni við inntak í stöðina og við útrás frárennslis frá stöðinni, sbr. gr. 4.3. Þekjur af rotverum hafa myndast við útrás vatns frá settjörn, ásamt froðumyndun. Mikil setmyndun er í settjörn. Þarf að endurskoða hreinsun á frárennslisli.
3. Gr. 3.11 í starfsleyfi. Geymsla og meðhöndlun efna er ábótavant. Takmarka þarf aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er (sjá nánar umfjöllun í megin-texta í skýrslu). Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015.
4. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Skrá skal upplýsingar um umhverfis- og rekstrarþætti og þurfa skráningar að vera aðgengilegar eftirlitsaðila. Voru þær ekki aðgengilegar við eftirlit. M.a. þurfa að koma fram niðurstöður vöktunar sbr. gr. 5.1 í starfsleyfi sem og niðurstöður mælinga sbr. gr. 4.3.
5. Gr. 4.4 og 4.5 í starfsleyfi. Rekstraraðili ber að taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila árlega, fyrir 1. maí. Í yfirlitinu skulu koma fram

niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3., 4. og 5. kafla starfsleyfis. Árlega ber rekstraraðila að skila inn umhverfisupplýsingum skv. ákvæðum 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Hægt er að skila þeim sameiginlega í ársyfirliti. Var ársyfirliti ársins 2022 ekki skilað.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 26. janúar 2024.

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur